

Fundargerð nr. 15

Framkvæmda- og veitunefnd Flóahrepps

Fundarstaður:	Pingborg fundarsalur
Fundardagur:	fimmtudagur 29. júní 2023
Fundartími:	11:15-12:00
Fundarmenn:	Haraldur Einarsson, formaður nefndar Heimir Rafn Bjarkason Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri Börkur Brynjarsson, verktaki og ráðgjafi Árni Eiríksson, oddviti Hjalti Guðmundsson boðaði forföll

Haraldur Einarsson stýrði fundi. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

- Farið yfir þau tilboð sem bárust í verkið „vatnsstofn frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum“ sem voru opnuð á formlegan hátt 29. júní 2023 kl. 11:00 í Pingborg. Alls bárust 4 tilboð frá eftirfarandi verktökum: Aðalleið ehf., Egill Guðjóns ehf., Fögrusteinar ehf. og Þjótandi ehf.

Tilboðin sem bárust voru á bilinu 31-68% yfir kostnaðaráætlun verksins og því ljóst að lægsta tilboð að viðbættum kostnaði við lagnirnar eru hærra en sú upphæð sem áætluð var í framkvæmdir við vatnsveitu í fjárhagsáætlun sveitarstjórnar fyrir árið 2023.

Umræða varð um hvort taka ætti lægsta tilboði eða hafna öllum í ljósi þess að þau eru öll töluvert hærra en áætlunin gerði ráð fyrir. Fundarmenn eru sammála um að ljóst er tilboðin sýni að of lág verð hafi verið inni í kostnaðaráætlun. Að öllum líkindum er verið að gera ráð fyrir of mikilli fleygun í útboðsgögnum og raunin gæti orðið sú að þær upphæðir verði ekki eins háar og kemur fram í tilboðunum þegar til framkvæmda kemur.

Eftirfarandi bókun er lögð fram til umræðu í sveitarstjórn:

Framkvæmda- og veitunefnd er sammála um mikilvægi þess að farið sé í styrkingu á vatnsstofni frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum til að tryggja neysluvatn á svæði innan sveitarfélagsins þar sem töluvert uppbygging er yfirvoðandi og hefur verið samþykkt af sveitarstjórn. Nefndin leggur til að leitast verði við að ganga til samninga við lægstbjóðanda á grundvelli tilboðs og að hafnar verði framkvæmdir sem fyrst. Ljóst er að ef sveitarstjórn samþykkir að taka lægsta tilboði þá kalli það á viðauka við fjárhagsáætlun vegna framkvæmdarinnar.

- Framkvæmda- og veitunefnd mælist til þess að heimæðargjald verði innheimt fyrir fram vegna tenginga við vatnsveitu Flóahrepps í Huldu- og Maríuhólum. Innheimt verði fyrir að lágmarki 10 lóðir í fyrsta áfanga þegar samþykkt deiliskipulag liggur fyrir. Sami háttur verður varðandi aðrar veitur innan þess deiliskipulags þ.e rafmagn og ljósleiðara. Vatn væri þá lagt, strax og hægt er, að lóðarmörkum að þeim lóðum og lagnaskurðir samnýttir fyrir vatnsveitu, rafmagn og ljósleiðara og hugsanlega hitaveitu. Landeigandi í Huldu- og Maríuhólum ber ekki beinan kostnað að lagningu vatnsstofns frá Kjartansstöðum að Skeiðavegamótum en greiði heimæðargjöldin fyrir 10 lóðir innan deiliskipulagsins fyrir fram til Flóahrepps. Sveitarstjóri og Börkur setji upp kostnaðaráætlun fyrir tengingu inn á 10 lóðir og komi til landeiganda. Líkt og með aðrar tengingar við vatnsveitu skal tengigjald greitt áður en framkvæmdir við tengingar inn á lóðir fara fram.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00